

Til: Undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa

Frá: Þorvaldi Gylfasyni *ÞG*

Efni: Umsögn um „Framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi. Málsatvik.“

Ég þakka nefndinni fyrir að veita mér sem einum 16 kæranda færi á að bregðast við lýsingu nefndarinnar á málavöxtum í NV-kjördæmi.

Ég hef þrennt að athuga við lýsinguna.

1. Fulltrúum yfirkjörstjórnar í NV ber ekki saman um veigamikil atriði í lýsingu þeirra á málsatvikum.
2. Lýsingin tekur ekki tillit til þess að einn kærandinn færir óyggjandi tölfræðileg rök að því að lýsing formanns yfirkjörstjórnar á tildrögum síðari talningarinnar hlýtur að vera röng. Hvergi kemur fram að formaðurinn hafi verið látinn sverja eið að framburði sínum hjá lögreglu.
3. Lýsingin er bundin við málsatvik í NV-kjördæmi en tekur ekki á hliðstæðum vitnisburðum sem kærendur lögðu fram um meint lögbrot og aðra óreglu við meðferð kjörgagna í öðrum kjördæmum.

Með virðingu.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.